

**53. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 13. desember og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Yfirlit yfir rekstur hreppsins 2017
2. Snjómokstur
3. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum 2018
4. Erindi til hreppsnefndar
5. Fundargerðir
6. Heimgreiðslur reglur
7. Íþrótt- og tómstundastyrkur reglur
8. Fjárhagsáætlun 2018-2021 (síðari umræða)
9. Fundaáætlun fyrir árið 2018 og næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum h) 2. fundur göngu- og reiðleiðanefndar Ásahrepps haldinn 11. desember sl. undir lið 5. Fundargerðir. Samþykkt.

**Gengið til dagskrár:**

**1. Yfirlit yfir rekstur hreppsins 2017**

Lagt fram yfirlit yfir rekstur hreppsins fyrstu 10 mánuði ársins.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2017.

Viðauki 1:

Hækkun sem verður á málaflokk 21 í framhaldi af samþykkt hreppsnefndar á 47. fundi 12. júlí sl. liður 4, er mætt með lækkun á fjárfestingu 6,5 millj. kr.

Útgjöldum vegna viðauka mætt með hærri staðgreiðslutekjum og lækkunar á fjárfestingu.

Meðfylgjandi eru töluveg yfirlit sem sýna breytingu frá upphaflegri áætlun og hvernig breytingunum er mætt.

Samþykkt.

**2. Snjómokstur**

Farið yfir niðurstöður verðkönnunar á snjómokstri á héraðsvegum, tengivegum og heimreiðum í Rangárþingi ytra og Ásahreppi 2017-2020. Þrír bjóðendur sendu inn tilboð í verðkönnunina, lágsta tilboðið var frá Þjótanda ehf. fyrir liggur samningur við lægstbjóðanda.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samning fyrir sitt leyti og að þjónusta verði aukin þannig að mokað verði allt að þrisvar í vikur þegar þörf er á öll heimili þar sem skráð búseta er.

Samþykkt.

**3. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum 2018**

Samþykkt að hækka tekjuviðmiðin fyrir árið 2018 um 10%.

**4. Erindi til hreppsnefndar**

- a) **Beiðni frá Eydís Þ. Indriðadóttur um nafnið Faxaborg á landnúmerið 220760. Að þessu landnúmeri er aðgengi líka af Ásvegi í gegnum ræktaða landið sem liggur með Ásvegi og landspildan er samliggjandi lögbýlinu Ásborg að hluta.**

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar hjá skipulagsnefnd.

**b) Beiðni frá Íþróttafélaginu Garpi um styrk til kaupa á hástökkisdýnu í tilefni af 25 ára afmæli félagsins.**

Samþykkt að styrkja kaupin um 200.000 kr. bókast á 06-80, styrkir til æskulýðs- og íþróttamála.

**c) Óskað eftir umsögn sveitarfélaganna um stefnu orkunýtingarnefndar SASS**

Á liðnu ársþingi SASS var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*„Atvinnumálanefnd styður stefnu orkunýtingarnefndar SASS og leggur til að ársþingið samþykki að vísa henni til sveitarfélaganna til umsagnar. Atvinnumálanefnd þakkar orkunýtingarnefnd góð störf, leggur til að nefndin starfi áfram og taki við athugasemdum frá sveitarfélögum til úrvinnslu að umsögn þeirra lokinni.“*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi stefnu og samþykkir orkunýtingarstefnu SASS 2017-2030 fyrir sitt leyti.

**d) Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins á Akureyri, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi Hafnað.**

**e) Beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf SAMAN-hópsins á árinu 2017**  
Hafnað.

**f) Beiðni um kaup á miðum í jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins 2017**  
Samþykkt að kaupa 6 miða kr. 10.500. bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**g) Beiðni um fjárstuðning vegna jólasöfnunar Fjölskylduhjálpar Íslands 2017**  
Hafnað.

**h) Beiðni frá Ungmennafélagi Íslandi um styrktarlínu í 4. tbl. Skinfaða**  
Hafnað.

**i) Samþykkt stjórnar sambandsins um skýrslu nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands ásamt lokaskýrslu nefndarinnar**  
Lagt fram til kynningar og umsögn frestað til næsta fundar.

**j) Athugasemd frá Fish Partner ehf. við málsmeðferð í máli varðandi Þóristungur á Holtamannaafretti. Í erindinu skorar Fish Partner á sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings ytra að staðfesta ekki ákvörðun Húsakynna bs. um málefni Þóristungna frá 24. nóvember síðastliðnum.**

Lagt fram til kynningar og vísað í lið 5. fundargerðir d) 17. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 24. nóvember sl. liður 6.

**k) Beiðni frá kvenfélaginu Framtíðinni um styrk í minningarsjóð Ólafs Björnssonar (Ólafssjóð)**  
Samþykkt að styrkja sjóðinn um kr. 10.000. bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

**l) Beiðni frá Umhverfisstofnum um upplýsingar á útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.**  
Lagt fram til kynningar.

**m) Beiðni um tilnefningar í ráðgjafanefnd fyrir friðlandið Þjórsárver**  
Samþykkt að tilnefna Ísleif Jónasson í nefndina og til vara Ingibjörgu Sveinsdóttur.

**n) Beiðni um niðurfellingu á húsaleigu og 30.000 kr. styrk frá Kvenfélaginu Einingu í Holtum vegna aðventuhátíðar sem haldin var á Laugalandi 3. desember sl.**  
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti niðurfellingu á afnotum á Laugalandi vegna hátíðarinnar.

Samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, KÖ og NJ) að veita hátíðinni styrk að upphæð 30.000 kr. bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

BJJ greiðir atkvæði á mót greiðslu á styrk.

**o) Beiðni frá hestamannafélaginu Geysi um að gerður verði þjónustusamningur við sveitarfélagið (Afgreiðslu var frestað á 50. fundi hreppsnefndar)**

Hreppsnefnd samþykkir fyrirliggjandi samning sem gildir frá árinu 2018-2021 og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum í samræmi við umræður.

**5. Fundargerðir**
**a) 49. fundur félagsmálanefndar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 15. nóvember sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b) 192. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 28. nóvember sl. liður 4 þarfnast umfjöllunar.**

*Liður 4 Fjárhagsáætlun 2018. Gert er ráð fyrir tekjum að fjárhæð kr. 151,2 milljónir og tekjuafgangi að fjárhæð kr. 15 milljónir. Hækkun á handbæru fé er á áætlun kr. 19 milljónir. Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi áætlun fyrir sitt leyti.

**c) 53. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 28. nóvember sl. liður 2 og 3 þarfnast umfjöllunar.**
**Liður 2. Fjárfestingar 2017 og endurskoðun áætlunar 2017**

*Lögð fram tillaga að 20. millj. kr. viðauka við fjárhagsáætlun 2017 vegna kaupa samlagsins á nýjum björgunarbíl að gerðinni Ford 350 sem samþykkt var á aðalfundi Brunavarna Rangárvallasýslu 2017. Gert er ráð fyrir að kaupin séu fjármögnuð með 10. millj. kr. af handbæru fé og 10. millj. kr. lán verði tekið.*

*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og vísar henni til afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.

**Liður 3. Fjárhagsáætlun 2018**

*Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.*

*Gert er ráð fyrir 45,2 millj. kr. framlagi frá aðildarsveitarfélögunum.*

*Gjöld 45 millj. kr.*

*Tekjuafgangur 200 þús.*

*Fyrirbyggjandi áætlun samþykkt.*

Hreppsnefnd samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti.

**d) 17. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 24. nóvember sl. liður 3 og 6 þarfnast umfjöllunar**
**Liður 3. 1711044 - Fjárhagsáætlun 2018 - Húsakynni bs**

*Drög að fjárhagsáætlun ársins 2018*

*Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2018 fyrir Húsakynni bs. Tillaga um að stjórn samþykki fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.*

*Samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd frestar afgreiðslu liðsins og óskar eftir upplýsingum um hvaða framkvæmdir séu á áætlun 2018.

**Liður 6. 1601012 - Eignir í umsjá Húsakynna bs.**

*Áframhald samningsgerðar við Fish Partner ehf. um langtímaleigu á Þóristungum.*

*Samningur við Fish Partner er útrunninn. Tillaga um að auglýsa rekstur húsanna í Þóristungum, Hvanngili og Gásagusti á Holtamannaafretti sem eru í umsjá Húsakynna bs. Ýmsar útfærslur gætu verið mögulegar s.s. að greiða leigu með endurnýjun húsanna. Hugsanlegt væri að félagasamtök tækju hús að sér líkt og ágæt reynsla er af. Gjarnan mætti hvetja heimafólk til að senda inn umsóknir. Samþykkt samhljóða*

Hreppsnefnd samþykkir að hafna bókun stjórnar Húsakynna bs. með 4 atkvæðum (ES, EG, BJJ og NJ). KÖ greiðir atkvæði með bókun stjórnar Húsakynna bs.

Bókun KÖ: Ég hafna vegna síendurtekinnar slæmrar umgengni þegar fjallmenn fara í leitir.

Bókun ES, EG, BJJ og NJ:

Hreppsnefnd leggur til að gengið verði frá endanlegum drögum að leigusamningi við Fish Partner ehf. vegna hússins í Þóristungum og þau lögð fyrir sveitarstjórnir Rangárþing ytra og Ásahrepps til afgreiðslu í samræmi við bókun hreppsnefndar Ásahrepps á 45. fundi 10. maí sl. liður 3. Fundargerðir h):

*Hreppsnefnd hafnar sölu á Þóristungum og leggur til að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að tekinn verði upp leigusamningur sem samþykktur var á 10. fundi Húsakynna bs. 31.05.2016.*

*Umræddur leigusamningur var við sama fyrirtæki og bauð hæðst í Þóristungum.*

*Samþykkt.*

**e) 51. fundur Vatnveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps haldinn 27. nóvember sl. liður 3 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 3. 1709019 - Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2018**

*Drög að fjárhagsáætlun 2018*

*Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2018 fyrir Vatnsveituna. Tillagan gerir ráð fyrir rekstrarafgangi að upphæð 30.6 m og fjárfestingu að upphæð 71.5 m sem verði mætt með lántöku allt að 65 m.*

*Samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd frestar afgreiðslu liðsins og óskar eftir frekari kynningu.

**f) 146. fundur skipulagsnefndar haldinn 7. desember sl.**

Lagt fram til kynningar.

**g) 9. fundur Héraðsnefndar Rangæinga haldinn 7. desember 2017 sl. liður 2.3. og 4 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 2 Fjárhagsáætlanir 2018. 2.3. Héraðsnefnd Rangæinga.**

*Gert er ráð fyrir ráðstöfunarfé að fjárhæð kr. 87.000 þús. og veltufé í árslok að fjárhæð kr. 2.830 þús. Fjárhagsáætlunin var samþykkt samhljóða.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

**Liður 4. Málefni Skóga.**

*Lögð fram drög að samkomulagi milli Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu annars vegar og Rangárþings eystra hins vegar. Samkomulagið tekur til þess lands í Ytri Skógum sem þegar hefur verið deiliskipulagt og gerir ráð fyrir að Rangárþing eystra sjái í framtíðinni um ráðstöfun og útleigu á þessu landi. Héraðsnefnd Rangæinga samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti með þeim fyrirvörum, sem Héraðsnefnd Vestur Skaftafellssýslu hefur sett fram. Jafnframt samþykkir Héraðsnefnd Rangæinga fyrir sitt leyti að lögð verði lóðarleiga á fasteignir í Ytri Skógum, þar sem það er mögulegt. Miða skal við þær álagningarreglur og álagningarprósentu sem gilda hjá Rangárþingi eystra.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag fyrir sitt leyti.

**h) 2. fundur göngu- og reiðleiðanefndar Ásahrepps haldinn 11. desember sl., liður 1. þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. Reiðvegir Sumarliðabær 1, minnisblað**

*Yfirfarið minnisblað unnið af tæknisviði uppsveita. Verkefninu er hægt að áfangaskipta og möguleiki er að byrja í vetur að leggja í blautustu svæðin. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina eru tæpar 6.000.000 kr. Einnig þarf að gera ráð fyrir að bæta aðgengi að svæðinu með ofaniburði og bílastæði við suðurenda svæðisins.*

*Nefndin gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi minnisblað og leggur til að hreppsnefnd fái tæknisviðið til að vinna að endanlegri fjárhagsáætlun svo hægt sé að vinna verkið.*

Hreppsnefnda samþykkir tillögu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við tæknisviðið. Í framhaldi verði gerður samningur milli landeiganda og Ásahrepps um aðkomu hreppsins að fjárfestingunni.

**6. Heimgreiðslur reglur**

Samþykkt að styrkurinn nemi allt að 30.000.- kr. á árinu 2018 á barn. Að öðru leyti haldast reglurnar óbreyttar.

## 7. Ípróttu- og tómsundastyrkur reglur

Samþykkt að styrkurinn nemi allt að 55.000 kr. á árinu 2018 á hvern iðkenda. Að öðru leyti haldast reglurnar óbreyttar.

## 8. Fjárhagsáætlun 2018-2021 (síðari umræða)

Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2018 -2021, lögð fram til seinni umræða.

Helstu forsendur eru eftirfarandi

Rekstur:

Stuðst er við áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga við áætlun útsvars fyrir árið 2018.

Gert er ráð fyrir álagningarprósentu 12,44%. Tekjur af útsvari eru áætlaðar um 118,5 millj. kr.

Reiknað er óbreyttu álagningarhlutfalli fasteignaskatts í A flokk 0,23% af fasteignamati og óbreytt í C-flokki 1,65% á eignir.

Áætlað er að fasteignaskattstekjur árið 2018 verði um 138,0 millj. kr.

Rekstur málaflokka:

Í áætlun 2018 er almennt reiknað með svipuðum tekjum og gjöldum frá útkomuspá 2017. Nýr liður í áætlun 2018 er styrkur og gjöld vegna nýsköpunar og atvinnumála 2,0 millj. kr. og 1,0 millj. kr. vegna þjónustusamnings við hestamannfélagið Geysi. Í áætluninni er gert ráð fyrir framlögum til samstarfsverkefna í samræmi við samþykktar áætlanir fyrirriggjandi áætlanir um verkefni.

Almennt gert ráð fyrir óbreyttum rekstri málaflokka á tímabilinu 2019-2021 samkvæmt áætlun 2018.

Aðrir sjóðir:

Gert er ráð fyrir hækkun á leigutekjum eignasjóðs og leigugjöldum stofnana vegna fjárfestinga og verðlags. Fjárfestingar eignasjóðs eru 4,1 millj. kr. vegna lóðaframkvæmda við hjúkrunarheimilið Lund, 1,5 millj. kr. í körfuboltavöll, 500 þús. kr. í sorptunnur, 10,0 millj. kr. í vegagerð, 5,1 millj. kr. vegna götulýsingar og 4,0 millj. kr. í reiðvegi.

Gert er ráð fyrir samstarfi við hreinsun rotþróa með uppsveitum Árnessýslu og stofngjald Ásahrepps er áætlað 2,0 millj. kr. Aðrar fjárfestingar vegna losun seyru er 988 þús. kr. vegna kaupa á nýjum seyrubíl og fjárfesting vegna nýrra rotþróa 600 þús. kr.

Tekjur hjá Ásaljósi eru áætlaðar um 7,0 millj. kr. árlega þar af um 2,3 millj. kr. frá Ásahrepp. Gjöld áætluð 515 þús. kr.

Afskriftir eru reiknaðar út miðað við áætlaða fastafjármuni í árslok 2017 auk afskrifta af fjárfestingum á tímabilinu.

Engar lántökur eru fyrirhugaðar á áætlunartímabilinu.

Vextir eru reiknaðir miðað við hvernig staða eigna og skulda breytist á tímabilinu.

Stofnframlag til Sorpstöðvar árið 2018 kr. 937 þús. kr.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir samantekið A og B hluta eru þessar:

Árið:	2018	2019	2020	2021
Heildartekjur	292,9 millj. kr.	292,5 millj. kr.	292,5 millj. kr.	292,5 millj. kr.
Rekstrargjöld	283,7 millj. kr.	282,6 millj. kr.	283,0 millj. kr.	283,3 millj. kr.
Fjármagnstekjur og (gjöld)	3,6 millj. kr.	3,3 millj. kr.	3,9 millj. kr.	3,9 millj. kr.
Rekstrarniðurstaða, jákvæð	12,8 millj. kr.	13,2 millj. kr.	13,4 millj. kr.	13,1 millj. kr.
Veltufé frá rekstri	26,5 millj. kr.	27,6 millj. kr.	28,4 millj. kr.	28,3 millj. kr.
Fjárfestingarhreyfingar	-27,7 millj. kr.	-6,4 millj. kr.	-21,2 millj. kr.	-0,9 millj. kr.

Hreppsnefnd samþykkir framlagða fjárhagsáætlun samhljóða.

## 9. Fundaáætlun fyrir árið 2018 og næsti fundur hreppsnefndar

Gert er ráð fyrir því að hreppsnefnd fundi einu sinni í mánuði annan miðvikudag kl. 9:00 að júlímánuði undanskildum og þriðja miðvikudag í ágúst árið 2018. Næsti fundur hreppsnefndar áætlaður 10. janúar nk.

## Hreppsnefnd

**Til kynningar:**

- A. Lokaskýrsla samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara.
- B. Fundargerð Ársfundar Bergrisans bs.
- C. Uppfærðar leiðbeiningar um persónuvernd og persónuverndardagur sambandsins 1. des n.k.
- D. Ný sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi.
- E. Lífsgæði aldraðra - afmælisráðstefna Hrafnistu & Sjómannadagsráðs - 21. nóvember 2017.
- F. Fundargerð aðalfundar SOS og valkostaskýrsla.
- G. Aðalfundargerð SASS 2017.
- H. Suðurland Luxury Travel Awards Winner 2018.
- I. Tíðindi - rafrænt fréttabréf Sambands íslenskra sveitarfélaga 16.11.17.
- J. Lykiltölur um leik- og grunnskóla 2016 eftir sveitarfélögum, sambandið.
- K. Fundargerð aðalfundar HES 2017.
- L. Borun hætt við Laugaland.
- M. Aðgerð A3 skv. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.
- N. Fundargerð 854. fundar stjórnar sambandsins.
- O. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands nóvember 2017.
- P. 526. fundur stjórnar SASS.
- Q. Í skugga valdsins - samþykkt stjórnar sambandsins.
- R. Til aðila að rammisamningakerfi ríkisins.
- S. Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2018-2019, sambandið.
- T. Fundur og ályktanir EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins 16.-17. nóvember sl.
- U. Fundargerð 30. fundar stjórnar Bergrisans ásamt skýrslu.
- V. Menntaverðlaun Suðurlands, SASS.
- W. Bergrisi – fundargerðir 28 og 29 stjórnar.

Fundargerð yfirlésinn, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:31

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)